

## Forskóli 1

Nemendur hefja að jafnaði nám í Forskóla 1 um leið og þau byrja í 1. bekk, en hægt er að byrja seinna sé þess óskað. Forskóli 1 er eins árs nám og að honum loknum getur nemandi haldið áfram námi í Forskóla 2. Áhersla er á fjölbreytta nálgun þar sem nemendur þjálfra leikni jafnhliða því að læra um frum- og efnisþætti tónlistarinnar. Þau fá öll námsgögn frá skólanum.

Hér fyrir neðan má sjá námsmarkmið í Forskóla 1.

### ***Söngur og hljóðfæraleikur***

Nemandi

- nái grundvallartökum á líkamsbeitingu við hljóðfæraleik og söng.
- Kynnist solfège kerfinu og syngi einfaldar laglínur með því.
- Þjálfist markvisst í takt- og lagskyni í gegnum söng og hljóðfæraleik.
- geti leikið nokkur einföld lög.
- þjálfist í samleik og samsöng.

### ***Nótur og tákn***

Nemandi

- kynnist grundvallaratriðum nótnakerfisins.
- þekki mismunandi lengdargildi nótna.

### ***Almenn tónlistarfærni***

Nemandi

- kynnist fjölbreyttri tónlist, þar á meðal íslenskrri þjóðlagatónlist og klassískri tónlist.
- kynnist símfóníuhljómsveitinni sjónrænt og með hlustun.
- þekki helstu hljóðfæraflokka og algengustu hljóðfæri eftir sjón og heyrn.
- kynnist því hvernig tónlist tengist dansi.
- kynnist vel a.m.k. einu af eftirfarandi tónverkum: Pétur og Úlfurinn, Karnival dýranna, Hljómsveitin kynnir sig eða Tobbi Túba.
- syngi í hóp sönglög og þulur.
- flytji einfalt tón- og hrynmynstur eftir heyrn.
- þjálfri taktskyn með púls, einföldu hrynmynstri og áherslu gegnum hreyfingu.
- vinni markvisst með tónlistarhugtök, s.s. hratt og hægt, sterkt og veikt, hátt og lágt, stutt og langt, eins og öðruvísi.
- hlusti á og sýni viðbrögð við fjölbreyttri tónlist og hljóðum úr umhverfinu út frá notkun efnisþátta eins og tónstyrks, hraða, púls, tónblæs og forms.
- taki þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk.